

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar birtir í Lögbirtinga-
blaðinu, endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum hreppsreikninga Flateyrahrepps.

13

25. jan.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 14. ágúst 1950.

Guðjón E. Jónsson.

Guðmundur M. Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Björgunarverðlaunasjóð Kristjönu 14
Salómonsdóttur og Kristjáns Marínós Sölvasonar“, útgefin á venjulegan hátt ad 26. jan.
mandatum af dómsmálaráðherra 26. jan. 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Björgunarverðlaunasjóð Kristjönu Salómonsdóttur og
Kristjáns Marínós Sölvasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Björgunarverðlaunasjóður Kristjönu Salómonsdóttur og Marínós
Sölvasonar frá Litla Árskógssandi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigurvin Edílónssyni á Litla Árskógssandi, til minn-
ingar um konu hans, Kristjönu Salómonsdóttur, sem lézt 30. desember 1942, og fóstur-
son hans, Marínó Sölvason, sem lézt 22. febrúar 1943.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og halda við slysavörnum með því, að hvetja
menn til hjálpar og björgunar manna úr sjávarháska.

4. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 10 000.00. Hann skal jafnan vera undir umsjón og
varðveizlu Slysavarnafélags Íslands, enda verður sjóðurinn afhentur stjórn Slys-
varnafélagsins ásamt skipulagsskrá þessari.

5. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands ber að sjá um að sjóðurinn verði ávaxtaður á
sem tryggastan hátt, og jafnframt að hann gefi sem beztan arð. Þó skal höfuðstóll
aldrei lagður í neina áhættu. Stjórn Slysavarnafélagsins annast annar útborganir úr
sjóðnum, sér um allar fjárreiður hans og gerir reikningsskil fyrir honum. Skal sjóð-
urinn vera notaður á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

6. gr.

Vextir skulu lagðir óskertir við höfuðstól næstu 3 ár. Eftir þann tíma skal verja
 $\frac{3}{5}$ vaxtanna til verðlauna fyrir björgunarafrek manna úr sjávarháska. Þó skulu
verðlaunin eigi veitt fyrr en ári síðar en björgunarafrekið var framkvæmt, til þess

14 að full sönnun sé fengin fyrir öllum tildrögum og aðstæðum við björgunina. $\frac{2}{5}$ vaxt-
26. jan. anna skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur. Eftir það má verja $\frac{1}{10}$ vaxtanna samkvæmt framansögðu.

7. gr.

Úthlutun verðlauna úr sjóði þessum sé á valdi þriggja manna nefndar, er þessir menn skipa:

1. Forseti Slysavarnafélags Íslands.
2. Víglubiskup Hólabiskupsdæmis.
3. Útibússtjóri Landsbanka Íslands, Akureyri.

Ef svo færi að eitthvert þessara embætta eða starfa legðist niður eða breyttist verulega frá því, sem nú er, skal leitað úrskurðar dómsmálaráðherra Íslands um skipun þessarar nefndar. En ætíð skal hafa í huga það markmið, er skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

8. gr.

Nú eru verðlaun veitt úr sjóðnum samkvæmt framansögðu, og skulu þau að öðru jöfnu veitt fyrir björgunarafrek, unnin á Norðurlandi. Að öðru leyti er það á valdi téðrar úthlutunarnefndar hversu oft verður úthlutað verðlaunum úr sjóðnum og hversu háum hverju sinni, innan þeirra takmarka, sem felast í 6. gr.

9. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á móti gjöfum og fjárframlögum af öðrum, og er það von stofnanda hans, að einstaklingar og félag, sem unna slysavarnamálum — einkum á Norðurlandi — telji tilgang sjóðsins þess verðan, að hann sé efldur með fjárframlögum stærri eða minni, eftir vilja og getu hvers eins. Þau fjárframlög, sem á þann hátt kynnu að berast sjóðnum, verða þó því aðeins þegin, að þau á engan hátt breyti tilgangi og markmiði sjóðsins, samkvæmt því sem að ofan greinir í skipulagsskrá þessari.

15

AUGLÝSING

29. jan.

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-
samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

1. gr.

Í stað orðanna „kl. 10 og kl. 12“ í 20. gr. í lögreglusamþykkt fyrir Vestmanna-
eyjar 31. marz 1928, komi: kl. 8 og kl. 10.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. janúar 1951.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.